



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um viðbrögð skóla- og frístundasviðs við niðurstöðum PISA

Á fundi borgarráðs, 1. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Nýlega fengum við sláandi niðurstöður úr alþjóðlega mælitækinu PISA. Hvað er skóla- og frístundasvið að gera um þessar mundir til að bregðast við þessum niðurstöðum? Hvaða breytingar eru í farvatninu til að snúa þessari neikvæðu þróun í átt til jákvæðari vegar. Hverja aðra á að kalla að þessu borði? Á að taka mið af alþjóðlegum vísindum? Hvaða raunhæf markmið á að setja sem ekki hafa áður verið sett? Hvaða mælitæki á að nota sem ekki hafa verið notuð áður? Á að skoða aftur að bjóða skólum borgarinnar að kynnast verkefninu Kveikjum neistann? Hvað nýjar nálganir á að skoða til að bæta ekki aðeins árangur nemenda heldur einnig líðan nemenda?

Svar:

Niðurstöður PISA rannsóknarinnar 2022 í grunnskólum borgarinnar

Eins og fram kemur í skýrslu um niðurstöður PISA rannsóknarinnar sem lögð var fyrir 15 ára nemendur 2022 eru meðalstig reykvískra nemenda í lesskilningi 451 stig (15 stigum fyrir ofan landsmeðaltal), en nemenda á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur 442 stig og annarra landshluta 418 stig. Árangurinn í grunnskólum borgarinnar er því betri en í öðrum landshlutum en nokkuð undir meðaltali OECD sem var 476 stig.

Árangur reykvískra nemenda í stærðfræðilæsi er örlítið hærri eða 470 stig (11 stigum fyrir ofan landsmeðaltal) en í nágrannasveitarfélögunum 468 stig og mun hærri en í öðrum landshlutum 442 stig. Árangurinn er örlítið undir meðaltali OECD í stærðfræðilæsi sem var 472 stig.

Meðalstig nemenda í læsi á náttúruvísindi var 460 stig (13 stigum fyrir ofan landsmeðaltal), en í nágrannasveitarfélögum 451 stig og í öðrum landshlutum 432 stig. Eins og áður er árangur reykvískra nemenda betri en í nágrannasveitarfélögum og öðrum landshlutum en engu að síður undir meðaltali OECD sem var 485 stig.

Rýning niðurstaðna og viðbrögð við þeim

Skóla- og frístundasvið telur að rýna þurfi niðurstöður PISA fyrir Ísland og í grunnskólum borgarinnar og skoða í ljósi samfélagslegrar þróunar. Einnig þarf að bera saman niðurstöður PISA og annarra nýlegra innlendra og alþjóðlegra rannsókna á sviði skólamála. Nýta má þann hluta [QUINT-rannsóknarinnar](#) um gæði kennslu í skólum á Norðurlöndum sem snýr að



Læsiskenndu á unglingastigi en í þeirri rannsókn kom fram að í þeim skólum sem tóku þátt er algengast að unnið sé með bókmenntatexta í íslensku en fræðitexta í samfélagsfræði í 8. bekk. Mismikil dýpt var í vinnu með textana en í um helmingi tilvika var unnið markvisst með texta þannig að líklegt var að ýta undir dýpri skilning og læsisþróun nemenda. Niðurstöður bentu til þess að tækifæri væru til að styðja nemendur betur við textavinnuna og að nýta betur þau tækifæri sem gefast til að efla skilning nemenda t.d. í gegnum umræður. Fyrstu niðurstöður þessarar rannsóknar hafa m.a. verið kynntar á vel sóttum málstofum í tengslum við innra mat skóla á vegum Austurmiðstöðvar og skrifstofu SFS.

Í Quint rannsókninni var stuðst við s.k. PLATO-matsramma sem er alþjóðlegur matsrammi þar sem metnir eru fjórir þættir, þ.e. faglegar kröfur og samræðu í skólastofu, stigskiptur stuðningur í kenndu, framsetning og notkun námsefnis og í fjórða lagi aðstæður í skólastofunni. Þennan matsramma geta kennarar nýtt sér til að meta eigin kenndu og annarra í því skyni að bæta gæði kenndustundanna.

Á fundi borgarstjórnar 12. desember 2023 var skóla- og frístundaráði falið að gangast fyrir opinni umræðu og ítarlegum greiningum á niðurstöðum PISA könnunarinnar 2022 sem hluta af almennum aðgerðum í innleiðingaráætlun menntastefnu borgarinnar 2025 – 2027. Unnið er að drögum að aðgerðaáætluninni þar sem gert er ráð fyrir að skipaður verði samráðshópur sem í sitja fulltrúar haghafa, kjörnir fulltrúar, stjórnendur á SFS og ráðgjafar, m.a. frá HÍ. Vinnuna leiðir eigendahópur en með þeim hópi vinnur teymi sérfræðinga á skrifstofu SFS. Gert er ráð fyrir að hópurinn hittist fjórum sinnum á tímabilinu frá mars – september 2024 en eigendahópur hittist á tveggja vikna fresti.

Í næstu aðgerðaáætlun um innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur verður ávarpað hvernig styðja má betur við lesskilning 0 – 16 ára barna. Til að styðja við fjölgun barna af erlendum uppruna í grunnskólum borgarinnar hefur verið ákveðið að frá og með hausti 2024 verður bætt við fjórum stöðugildum í miðstöðvar borgarinnar í tengslum við fjölmenningu. Fjögur ný stöðugildi bætast við í íslenskuverin, eitt í hverju hverfi. Ráðinn verður spænskumælandi brúarsmiður og þrjú ný stöðugildi í áfallateymi til að sinna fræðslu og vinna með áfallasögu barna. Túlkapottur verður aukinn um 53 milljónir og greiðsla með hverju barni sem fellur undir reglur um stuðning í íslensku sem öðru máli hækkuð í 170 þús. Sérfræðingar á vegum Miðju máls og læsis (MML) halda áfram að styðja við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og veita fræðslu og ráðgjöf um mál og læsi. Dæmi um þá fræðslu og ráðgjöf sem í boði er á vegum MML má finna [hér](#).

Niðurstöður PISA rannsóknarinnar 2022 voru á dagskrá fundar skrifstofu SFS með skólastjórum grunnskólanna sem haldinn var 29. feb. sl. Þar fjallaði Anna K. Sigurðardóttir um Quint-rannsóknina og gæði kenndu, Guðmundur B. Þorgrímsson, sérfræðingur MMS, kynnti niðurstöður PISA könnunarinnar 2022 og Helgi Grímsson, sviðsstjóri SFS sagði frá fyrirhuguðum viðbrögðum við PISA í aðgerðaáætlun menntastefnu borgarinnar fyrir árin 2025 – 2027.

Skóla- og frístundasvið leggur áherslu á að allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi er íslensku-kennarar og hefur ítrekað það við sitt starfsfólk ásamt því að taka undir að öll námssviðin hafi eigin orðaforða og hugtakasveim sem þurfi að tengja og ítra.

Skóla- og frístundasvið hefur fundað með sérfræðingum á mennta- og vísindasviði HÍ um endurmenntunarnámskeið fyrir kennara sem kenna náttúrufræði og stærðfræði á mið- og unglingastigi sem og námskeið í kennduháttum samkvæmt PLATO matsrammanum og eru þau námskeið í undirbúningi.

Um innra mat og viðmið um gæði í grunnskólastarfi

Í verkefninu „Saman komumst við lengra“ samstarfsverkefni um innra mat í grunnskólum í Austur, var markmiðið að efla fagmennsku og samstarf samkvæmt menntastefnu



Reykjavíkurborgar. Innra mat skóla er lykilatriði í því að bæta skólastarf og efla þar með virkni barna og þátttöku og sjálfsefningu ásamt öðrum þáttum menntastefnunnar þar sem skólasamfélagið skoðar formlega og með markvissum hætti þætti starfs síns, hvað vel sé gert og hvað þarf að bæta og vinni þar með saman að umbótum.

Verkefnið er samstarfsverkefni 15 grunnskóla í Reykjavík ásamt fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og var ætlað að skapa lærdómssamfélag um innra mat og gæði í skólastarfi og umbætur byggða á innra mati skóla út frá [Gæðaviðmiðum grunnskóla](#) frá MMS 2022. Stýrihópur var stofnaður til að halda utan um framkvæmd verkefnis en í honum eru 4 skólastjórar í Austur, fagstjóri grunnskóla í Austur og tveir starfsmenn frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Stýrihópur fundaði mjög reglulega og kom með hugmyndir inn á mánaðarlega skólastjórafundi til samráðs við alla stjórnendur grunnskólanna.

Handleiðari verkefnisins var Björk Ólafsdóttir sérfræðingur um innra mat frá HÍ/MMS. Auk þess var Vilborg Einarsdóttir, frá BravoLesson, stuðningur við skólana um kerfi innra mats, en ákveðið var að nýta tölvukerfið BravoLesson til að halda utan um innra matið. Björk Ólafsdóttir og Vilborg Einarsdóttir fóru í hvern skóla reglulega yfir tímabilið og funduðu með fagmennskuteyminu eða veittu stuðning sem óskað var eftir. Með þátttöku í þessu þróunarverkefni tóku skólarnir í austrinu það hlutverk að sér að deila reynslu sinni til annarra skóla í Reykjavík.

Málstofur um innra mat hafa verið haldnar fyrir stjórnendur og fagmennskuteymi í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2022. Þar hafa bæði verið kynningar frá skólum í Austur um verkefni sem tengist innra mati í þeirra skólum, en auk þess hafa verið erindi, fræðsla og kynningar frá skólum/fagfólki, utan Reykjavíkur og erindi frá fræðimönnum í Háskóla Íslands. Þessar málstofur hafa verið mjög vel sóttar af skólastjórnendum og þátttakendum í þróunar- og umbótateymum grunnskólanna og greinilegt að mikill vilji og áhugi er meðal hópsins um að vinna að umbótum og auknum gæðum í skólastarfinu.

Um Kveikjum neistann verkefnið

Kveikjum neistann er 10 ára þróunar- og rannsóknarverkefni sem hófst í 1. bekk í Grunnskóla Vestmannaeyja haustið 2021 og nær því enn þá aðeins til 1. - 3. bekkjar og ekki liggja enn fyrir niðurstöður um langtímaáhrif eða árangur nemenda í 10. bekk sem farið hafa í gegnum það verkefni. Skóla- og frístundasvið mun fylgjast með niðurstöðum og langtímaáhrifum þess verkefnis eins og annarra áhugaverðra þróunarverkefna á sviði læsis sem sett eru á laggirnar hér á landi.

Heilbrigði og vellíðan

Heilbrigði og vellíðan er einn af áherslupáttum menntastefnu borgarinnar 2022 – 2024 þar sem stefnt er að því að bæta heilbrigði og auka vellíðan í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Sérstök áhersla verði á þáttum sem tengjast andlegri líðan, geðheilbrigði, kynheilbrigði, eflingu þrautseigju og getu barna til að takast á við áföll og áskoranir. Einnig verði lögð áhersla á forvarnir með fræðslu og umræðu um þau mál sem hafa áhrif á hegðun og líðan barna. Ráðinn var í tímabundið starf árið 2022 sérstakur ráðgjafi til að fylgja eftir áherslu á gleði, hamingju og bjartsýni á starfsstöðvum. Jafnréttisskólinn hefur staðið ötullega fyrir verkefninu Vika6 til að efla getu kennara á öllum skólastigum til að kenna kynfræðslu og fjalla um kynheilbrigði. Í undirbúningi er málþing með íþróttakennurum til að tryggja hreyfingu sem komi í stað sundkennslu nemenda á unglिंगastigi sem lokið hafa hæfniviðmiðum aðalnámskrár í greininni. Ákveðið hefur verið að fresta skólabyrjun nemenda á unglिंगastigi í öllum grunnskólum borgarinnar með unglिंगastig frá og með skólaárinu 2024 – 2025 þar sem rannsóknir sýna að seinkun á byrjun skóladagsins hjá nemendum á unglिंगastigi hefur í för með sér betri svefn, lengri svefntíma, betri líðan, betri mætingu í skólann og aukinn námsárangur. Áfram hefur verið stutt við innleiðingu leiðsagnarnáms í grunnskólum borgarinnar en aðferðir leiðsagnarnáms hafa skv. rannsóknnum stuðlað að auknum námsárangri og vellíðan nemenda.



Ný nálgun til að bæta líðan nemenda

Unnið er að undirbúningi verkefnis sem kallast „Nurture“ og er að skoskri fyrirmynd. Verkefnið er unnið í samstarfi við nýstofnaða Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Verkefnið byggir á ýmsum vísindum og fræðum, s.s. tengslafræðum, taugavísindum, áhrifum áfalla á taugakerfið og sjálfsmynd, betri skilningi á taugakerfinu, kenningum um nærandi umhverfi fyrir börn í viðkvæmri tilfinningalegri stöðu, eflingu félagslegrar og tilfinningalegrar færni starfsfólks og brúar bilið milli rannsóknarniðurstaða og hvernig má innleiða niðurstöður þeirra í skólastarf. Nálgunin tengist mörgum af þeim stöðum sem þegar eru nýttar í skólastarfi í borginni til að bæta líða og efla velferð nemenda, s.s. uppbyggingarstefnunni, leiðsagnarnámi og réttindaskóla UNICEF. Verkefnið miðar að því að efla barnamiðað námsumhverfi með því að mæta félagslegum, tilfinningalegum og vitsmunalegum þörfum, hafa í huga hvernig samskiptum við börnin er háttað og hvernig talað um þau, ígrunda samspil milli þátta s.s. líðanar, hegðunar og þroska barna og svo þær starfsaðferðir sem notaðar eru, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og sjálfstraust, tryggja tilfinningalegt öryggi, fagna fjölbreytileika og stuðla að inngildingu allra. Með áherslum nýrra laga er kveðið enn fastar að orði gagnvart hlutverki skólans í að tryggja farsæld allra barna með því að hlusta, horfa og bregðast við því sem þau eru að upplifa og ganga í gegnum. Markmiðið með Nurture-verkefninu er því að fara enn dýpra og skoða hvernig er hægt að nýta hugmyndafræði og verkfæri verkefnisins til þess að koma enn betur til móts við þarfir barna í íslensku menntakerfi í dag. Aðferðarfræði Nurture felur ennfremur í sér gagnlegar aðferðir til að auka inngildingu fjölbreyttra barnahópa, beita áfallamiðaðri nálgun í starfs- og kennsluháttum, tryggja öryggi barna og aukin tengsl bæði á milli þeirra en einnig milli kennara og barna og foreldra. Þá er Nurture líka eitt af þeim verkefnum sem hefur sýnt sig að bæta námsárangur barna, auka virkni og áhuga barna á þátttöku í skólastarfinu og draga úr skólaforðun. Öll hin verkefnin sem talin voru upp að framan geta stutt við Nurture sem kemur ekki í staðinn fyrir þau.

Niðurstaða

Skóla- og frístundasvið telur því að áætlanir sviðsins um viðbrögð við niðurstöðum PISA könnunarinnar 2022 séu faglegar og markvissar með kynningum og umræðu meðal stjórnenda og ýmissa sérfræðinga. Einnig er unnið að ýmsum verkefnum til að meta og bæta innra starf skólanna og þar nýtt bæði niðurstöður alþjóðlegra rannsókna og viðurkennd mælitæki til að meta gæði skólastarfsins og gera áætlanir um umbætur. Skóla- og frístundasvið telur jafnframt að unnið sé markvisst í grunnskólum borgarinnar að ýmsum verkefnum til að bæta árangur, heilbrigði og líðan nemenda og að leitast sé við að fylgjast vel með niðurstöðum rannsókna og skimana á líðan þeirra. Jafnframt er unnið að undirbúningi Nurture-verkefnisins sem byggir á ýmsum vísindum og fræðum um það sem hefur áhrif á líðan barna ásamt því að brúa bilið milli rannsóknarniðurstaða og hvernig má innleiða niðurstöður þeirra í skólastarf.